

Verður frestsbeiðnin ekki tekin til greina.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Nr. 42/1949. Miðvikudaginn 23. maí 1951.

Ákærvaldið (Gunnar Möller)

gegn

Sigurði Kristinssyni. (Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson

í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Sýknað af ákæru fyrir brot á áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir að dómur gekk í héraði, hefur framhaldsrannsókn verið háð og nýrra gagna aflað, en eigi orka skýrslur þessar og gögn á úrslit málsins.

Vitni þau, sem um ræðir í héraðsdómi, telja sig að vísu örugg um, að maður sá, sem seldi þeim flösku af áfengi að kvöldi hins 21. september 1948 við skemmtistaðinn Tivoli, hafi setið undir stýri í bifreiðinni R. 482, en er þau voru samprófuð við ákærða, treystu þau sér ekki til að fullyrða, að hann væri sami maður og seldi þeim áfengið, þar eð myrkt var, er salan fór fram. Ákærði hefur staðfastlega neitað áfengissöluinni. Hann hefur og skýrt svo frá, að nafngreindur maður, sem ekki hefur verið kvaddur fyrir dóm, hafi stundum fengið bifreiðina að láni. Þykir því varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi selt áðurgreindum vitnum áfengisflöskuna, enda nægja önnur gögn, sem fram hafa komið, eigi til sakfellingar hans. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákærvaldsins í málinu.

Samkvæmt þessum úrslitum ber ríkissjóði að greiða allan sakarkostnað í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs

talsmanns ákærða þar, 250 krónur, svo og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflytningu skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, 800 krónur til hvors.

Rannsókn máls þessa í héraði var mjög áfátt. Þegar málið skyldi flutt í Hæstarétti í öndverðu, hinn 4. nóvember 1949, var því þess vegna frestað og sækjanda falið að hlutast til um framhaldsrannsókn. Ritaði hann sakadómara bréf samdægurs, skýrði honum frá þessu og óskaði nýrrar rannsóknar. Ekkert var þó aðhafzt í málinu fyrr en nærfellt 4 mánuðum síðar, eða hinn 1. marz 1950. Þá voru framangreind vitni kvödd fyrir dóm ásamt ákærða. Málið þótti eigi enn nægjanlega rannsakað, og tjáðist sækjandi því hafa margítrekað ósk um ýtarlegri rannsókn. Loks hinn 6. febrúar þ. á. rituðu sækjandi og verjandi sakadómara bréf og óskuðu þess, að aflag yrði frekari gagna. Þeirri rannsókn var síðan lokið hinn 12. marz síðastliðinn, og endurrit hennar sent sækjanda málsins 28. s. m. Hefur sækjandi þannig ekki gert næga gangskör að því að fá rannsókninni hraðað, og mikill dráttur orðið á henni af hálfu héraðsdómara.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Kristinsson, á að vera sýkn af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða í héraði, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, 250 krónur, og málflytningu sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 800.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 28. desember 1948.

Ár 1948, þriðjudaginn 28. desember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Loga Einarssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 6054/1948: Valdstjórnin gegn Sigurði Kristinssyni, sem dómtekið var 30. nóvember s.l.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sigurði Kristinssyni

bifreiðarstjóra, til heimilis að Rauðararstíg 13 hér í bæ, til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 27. október 1912 í Reykjavík, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1931 22/12 Áminning fyrir afturljósaleysi á bifreið.
 1932 20/5 Sátt, 10 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
 1932 24/10 Sátt, 10 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
 1932 10/12 Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
 1932 20/12 Sátt, 10 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
 1933 15/1 Kærður fyrir meint brot á bifreiðalögum. Málið rannsakað án árangurs.
 1933 22/5 Áminning fyrir brot á umferðarreglum.
 1933 26/6 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
 1933 11/12 Sátt, 15 kr. sekt fyrir samskonar brot.
 1934 15/1 Kærður fyrir að aka bifreið yfir skíðasleða. Ákærði lofaði skaðabótagreiddslu.
 1934 21/1 Sátt, 10 kr. sekt fyrir ofhraðan akstur.
 1934 1/3 Sátt, 10 kr. sekt fyrir ofhraðan akstur.
 1934 16/4 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ofhraðan akstur.
 1934 27/10 Sátt, 10 kr. sekt fyrir ofhraðan akstur.
 1934 3/1934 3/12 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1935 20/5 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað.
 1935 6/8 Sátt, 15 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
 1935 29/10 Sátt, 15 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
 1936 14/8 Sátt, 15 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
 1936 7/10 Kærður fyrir bifreiðaárekstur. Látið falla niður.
 1936 26/10 Sátt, 40 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
 1937 30/5 Undir rannsókn út af skemmd á reiðhjóli af völdum bifreiðar. Skýrsla send hlutaðeigandi váttryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til málssóknar.
 1937 7/12 Aðvörun fyrir brot á umferðarreglum.
 1937 7/12 Sátt, 30 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
 1939 15/5 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 100 kr. sekt og svipting ökuskirteinis í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur.
 1939 4/10 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1939 25/7 Siglufjörður, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1940 11/5 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
 1940 2/12 Undir rannsókn út af ökuóhappi. Skýrsla send hlutaðeigandi váttryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til málssóknar.
 1946 26/4 Sátt, 30 kr. sekt fyrir ógætilegan bifreiðarakstur.

Verður nú greint frá málavöxtum, eftir því sem upplýst er í máli þessu.

Þriðjudagskvöldið 21. september s.l., klukkan 10, kveðast vitnin Ás-mundur Magnússon verkamaður, til heimilis Óðinsgötu 32, og Sigurður Breiðfjörð Þorbjörnsson sjómaður, Ægissíðu 109, að þau hafi séð, hvar

bifreiðin R. 482 stóð fyrir utan hliðið að skemmtigarðinum Tívoli hér í bæ, en bifreiðarstjórinn hafi setið við stýrið. Hafi þau spurt, hvort hann gæti selt þeim eina flösku af brennivíni, og hafi hann játað því, tekið brennivínsflösku úr afturgeymslu bifreiðarinnar og afhent hana Ásmundi, en Sigurður Breiðfjörð hafi greitt hana með 85.00 krónum.

Ákærði hefur eindregið neitað því að hafa selt vitnunum eða nokkrum öðrum áfengi.

Kveður hann engan annan en sig aka nefndri bifreið nema bróður sinn einstaka sinnum í viðlögum, þó eigi til mannflutninga. Hér í réttinum sýndi ákærði bók þá, sem hann skráir í, fyrir hve háa upphæð hann ekur dag hvern. Ber bókina með sér, að hann hafi ekið bifreiðinni 21. september s.l. og þá fengið greidd ökugjöld fyrir, samtals 184.00 krónur.

Er vitnin og ákærði voru samprófuð hér í réttinum, kváðust þau sökum myrkurs, þegar áfengissalan fór fram, ekki kannast við ákærða sem mann þann, er áfengið seldi þeim umrætt kvöld. Aftur á móti kannast þau bæði við, að það hafi verið bifreiðarstjórinn á bifreiðinni R. 482, sem seldi þeim umgetna brennivínsflösku.

Þrátt fyrir neitun ákærða þykir með eiðfestum framburðum framan-greindra tveggja vitna um, að það hafi verið bifreiðarstjórinn á bifreiðinni R. 482, sem seldi þeim brennivínsflöskuna, fram komin full sönnun fyrir því, að ákærði hafi selt þeim áfengi, eins og að framan greinir, enda er upplýst, að hann ók nefndri bifreið þriðjudaginn 21. september s.l. Hefur ákærði því gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33. 9. janúar 1935.

Þykir refsing hans með hliðsjón af 1. gr. laga nr. 14 8. marz 1948 um ákvörðun fésekta hæfilega ákveðin 3000.00 króna sekt til menningarsjóðs, og komi varðhald í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, hæstaréttarlögmanns Ólafs Þorgrímssonar, kr. 250.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Kristinsson, greiði 3000.00 króna sekt til menningarsjóðs, og komi varðhald í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans hér við réttinn, hæstaréttarlögmanns Ólafs Þorgrímssonar, kr. 250.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.